



BEST CHILDREN'S
ONLINE CONTENT
EUROPEAN AWARD 2011

Búið að skipa í dómnefnd

Evrópusamkeppni um besta barnaefnið á netinu er sameiginlegt áttak 14 netöryggismiðstöðva í Evrópu og þeirra þjóða er starfa skv. netöryggisáætlun Evrópusambandsins. Samkeppnin er nú haldin í fyrsta sinn og er tilgangur hennar að vekja athygli á gæðafni á netinu fyrir 6 til 12 ára gömul börn. Samkeppnin fer fram í tvennu lagi. Fyrst er samkeppni á landsvísi og sigurvegarar hennar halda áfram í Evrópusamkeppni í júní 2011. Nánari upplýsingar er að finna á saft.is en skilafrestur verkefna er til 14. janúar 2011. Tillögur sendist á: saft@saft.is.

Nú hefur dómnefnd íslensku undankeppninnar verið skipuð en í henni sitja: Halldór Jörgensson frá Microsoft (formaður dómnefndar), Einar Þór Gústafsson frá SVEF, Ólafur Andri Ragnarsson frá IGI, Axel Jónsson, grafískur hönnuður hjá Hvíta húsinu, Salvör Gissuraróttir frá menntavísindasviði Háskóla Íslands, Anna Margrét Sigurðardóttir frá Póst- og fjarskiptastofnun, Bragi Valdimar Skúlason frá baggaluti.is og Hildur Jóhannesdóttir, menntaskólakennari.



SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI



Þrátt fyrir að niðurstöður PISA séu mikilvægar er vert að hafa í huga að rannsóknin sýnir bara kunnáttu á ákveðnum sviðum en Noko, Nordisk Komité, samráðsveitvangur norræna landssamtaka foreldra hefur bent á þetta sem og menningarmun og mikilvægi þátttöku foreldra.

Íslenskir nemendur bæta stöðu sína

Niðurstöður nýrrar PISA rannsóknar á lesskilningi og læsi á stærðfræði og náttúrufræði meðal 15 ára nemenda benda til þess að íslenskir nemendur hafi bætt stöðu sína. Ísland hefur tekið þátt í rannsókninni fjórum sinnum, fyrst árið 2000, og hefur lesskilningi íslenskra nemenda hrakað í hvert sinn sem mælingin hefur verið gerð síðan (þ.e. árin 2003 og 2006). Niðurstöður fyrir árið 2009 eru þó meira upplifgandi og má þar eygja von um að Ísland sé á réttari leið. Nemendur í 10 löndum af 68 koma betur út í lesskilningi en íslensku nemendurnir og 8 ef aðeins eru talin OECD löndin 33.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að lesskilningi og læsi í stærðfræði sé vel sinnt í grunnskólum landsins. En þrátt fyrir að frammistaða íslenskra nemenda í læsi á náttúrufræði hafi batnað lítillega frá síðustu mælingu (árið 2006) eru þeir enn undir meðaltali OECD landanna líkt og nemendur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Mikill munur er á frammistöðu innflytjenda og innfæddra sem er sérstakt áhyggjuefni. Líkt og árið 2006 er ekki marktækur munur á frammistöðu drengja og stúlkna í stærðfræði og náttúrufræði. Íslenska skýrslu um niðurstöður PISA 2009 má nálgast á vef Námsmatsstofnunar, www.namsmat.is, ásamt skýrslum OECD um PISA 2009. Áfram verður unnið að greiningu á niðurstöðum og þær síðar kynntar frekar í skólum og fræðsluumdæmum sem og á reglulegum fræðslufundum Námsmatsstofnunar. Þátttökulöndum í rannsókninni fer stöðugt fjölgandi og eru þau nú 68.

Fyrir hvern er leikurinn?

Þeir verða eflaust þó nokkrir tölvuleikirnir sem laumað verður í pakkana þessi jólin. Þá er vert að hafa í huga að leikurinn hæfi þeim sem hann er hugsaður fyrir. SAFT hefur nýverið dreift í verslanir nýjum PEGI bæklingi en PEGI er aldursflokkunarkerfi fyrir tölvuleiki. PEGI er notað og viðurkennt um alla Evrópu en þar er stuðst við tvenns konar upplýsingatákn sem leiðbeina við val á tölvuleikjum. Í fyrsta lagi er um að ræða táknmyndir sem gefa til kynna þann lágmarksaldur sem mælt er með. Í öðru lagi eru efnisvísar sem eru táknmyndir sem lýsa innihaldi leiksins. Mikilvægt er þó að hafa í huga að PEGI flokkunarkerfið sýnir hvaða aldri innihald leiksins hæfir en segir **ekki** til um erfiðleikastig tölvuleikja.



Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir - hrefna@heimiliogskoli.is - www.heimiliogskoli.is

Jólaakveðja

Heimili og skóli - landssamtök foreldra og SAFT óska landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári!

Við þökkum samstarfið og stuðninginn á árinu sem er að líða og vonumst til að eiga áfram gæfuríkt samstarf.

Hafið það gott um jólin og njótið samverustunda með vinum og vandamönnum.

